

L Ö G

um hæstarétt.

112
18. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 22. gr. laga, dagsettra í dag, um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum, höfum látið fella texta þeirra og þess, sem enn er í gildi af lögum nr. 37 1924, inn í texta laga nr. 22 1919, og gefum þau lög út, þannig breytt, sem lög um hæstarétt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarétt á Íslandi, og er dómsvald hæstaréttar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstiréttur tekur til starfa. Til hæstaréttar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti hæstaréttar sem formaður, 2 hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri í dómnum, og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í héraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. KAFLI

Um skipun hæstaréttar o. fl.

4. gr.

Hæstarétt skipa 5 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en árs í senn.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3. Með konunglegri tilskipun skal kveðið á um, hvenær dóm skal setja með 5 dómendum.

112 Ef autt verður sæti forseta, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans
18. maí þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti vikur sæti í máli eða
forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta
er ekki kostur.

Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómara
vikja sæti í máli og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dóms-
ins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttar-
málflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þess-
ara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétti, og er þeim skylt að taka
við þeirri kvaðningu.

Nú forfallast dómari, eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og
velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern lagakenn-
ara háskólans til að taka sæti í dómnum, þar til hinn reglulegi dómari tekur
þar aftur sæti eða þar til nýr dómari verður skipaður.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dómnum í
einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir
taka þátt í dómi eða úrskurði.

6. gr.

Hæstaréttardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja
eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, er fengið hafa 2.
einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með honum,
enda hafi hann sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lög-
fræðistörfum að öðru leyti.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta kennari í lögum við háskólann, hæstaréttar-
málflutningsmaður, hæstaréttarritari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðs-
dómari, eða 5 ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjar-
fógeta í Reykjavík, við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúi lögreglu-
stjórans í Reykjavík við rannsóknir opinberra mála og samningu dóma í
þeim, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan
hátt.
3. Sé 30 ára gamall.
4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og
kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að
fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarsæti í hæsta-
rétti.

Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal leita umsagnar dómsins
um dómaraefni.

7. gr.

Eigi má hæstaréttardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opin-

beru máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. **112** 18 maí

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir felld dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari viki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Hæstiréttur skipar dómimum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómarskilyrðum. Laun ritara skulu ákveðin í launalögum. Þóknun annara starfsmanna skal ákveðin í fjárlögum.

10. gr.

Hæstaréttarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstaréttar.
2. Heldur bækur hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dómimum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins. Samsvarandi störf öll vinnur hæstaréttarritari fyrir synodalrétt.

11. gr.

Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.

- 112** 5. Dagbók.
 18. maí 6. Bréfabók.
 7. Aukatekjubók.
 8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.
 Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstiréttur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstaréttar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. KAFLI

Um málflutningsmenn fyrir hæstarétti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarétti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með I. einkunn.
2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstaréttarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að verða hæstaréttarmálflutningsmaður. Enginn má oftara en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarétti.
4. Þó má dómsmálaráðherra veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til þess að þreyta prófraun samkv. 3. lið gr., ef hann hefir, að áliti lagadeildar háskólans, sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.

14. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarétti skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvirkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstaréttarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstaréttarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstaréttarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstaréttarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarétti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rétt er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarétti. Einnig er honum rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema hæstaréttarmálflutningsmaður sé, eða samband við aðilja sé slíkt, sem nú var mælt.

19. gr.

Rétt er hæstaréttarmálflutningsmönnum að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstaréttarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flyzt búferlum. Ennfremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstiréttur leggur það til, svipta málflutningsmann leyfi, ef hæstiréttur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, visvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. KAFLI

Um stefnur og stefnufrest.

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstaréttar sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstaréttarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og aug-

112
18. maí

lýsir ritari það, að minnsta kosti viku fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áður nefndum lögum um stefnufresti.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni.

V. KAFLI

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarétt.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstaréttar, enda fer um skyldu framkvæmdavaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstaréttar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstaréttar, ef krafan nemur 50 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 50 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsg., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstaréttar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

112

18. maí

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstaréttar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaks mánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarétti, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávisunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaks mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unnt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kennt.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hér gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstaréttar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi heiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstaréttar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarétti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

112 Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að 18. maí gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. KAFLI

Um meðferð mála fyrir hæstarétti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstaréttar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast þá breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakar-
efnis, svo sem tíðkamt hefir, eftir því sem samrímnanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarétti í einka-
málum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, frammar en tíðkamt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gildi um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar
kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í stefnu. Ennfremur skal hann
leggja fram ný gögn, eða eftirrit af þeim, og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur
eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstaréttar að minnsta
kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum,
nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls,
er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram á
skrifstofu hæstaréttar, að minnsta kosti viku áður en mál skal flytja munnlega,
svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda
þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarétti skal munnleg vera, á íslenzku og
í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef rétturinn leyfir það, enda hafi að minnsta kosti annar aðilja eða um-
boðsmanna óskað þess.

39. gr.

112

18. maí

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftara tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rétt, að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á máflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsg. gilda þó eigi, ef hæstiréttur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstiréttur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá hæstarétti, þá skal hann skýra hæstaréttarrítara frá því og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

43. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

VII. KAFLI

Um uppsögn dóma og úrskurða o. fl.

44. gr.

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar máflutningi er lokið. Ef mál er munnlega flutt, má að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn.

112

18. maí

45. gr.

Áður en dómur eða úrskurður er uppkveðinn í máli, sem flutt hefir verið munnlega, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði greiðir sá fyrstur, sem til er kjörinn hverju sinni, enda færi hann atkvæði sitt í letur, er verður frumvarp að dómi eða úrskurði. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

46. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, sem þar til verður kjörinn, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Síðan ganga skjöl málsins og frumvarpið milli hinna dómendanna, er gera svo tillögur sínar um málið. Ef breytingartillögur koma fram við frumvarpið eða ágreiningur verður um forsendur eða niðurstöðu, skal fund halda um málið og ákveða dóm eftir því, er í 45. gr. segir.

47. gr.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á samskonar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem afsals og veðmála-bækur samkvæmt lögum nr. 30 7. maí 1928, og eru það atkvæðabækur dómsins.

48. gr.

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti, sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóma. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjunar dómsathafnar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

49. gr.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnharðan í dómásafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnis-

yfirlit. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafnsins og fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

112
18. maí

50. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er hæstiréttur þó ekki bundinn við kröfur málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilllutun ríkisvalds eða sökunauts.

51. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta undir.

Hæstaréttarritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

VIII. KAFLI

Um gjöld, sektir o. fl.

52. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarétti skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5 krónur
Fyrir þingfestingu	10 —
Fyrir dómsuppsögn	20 —
Fyrir úrskurð	10 —
Fyrir frest	5 —
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5 —

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

53. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

54. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

IX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyriræli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstaréttur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstaréttar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstaréttur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Hæstaréttardómarar eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað. Dómarar skulu þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Með lögum um hæstarétt eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr. og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstaréttar Danmerkur, tilsk. 1. des 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið bréf 2. júlí 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstaréttar Dana í skipta-málum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstaréttar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 18. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.